

## Reglur barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

### 1. gr.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar er heimilt að veita foreldrum eða öðrum forsjáraðilum og barni 15 ára og eldra fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni áður en kveðinn er upp úrskurður sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi barnaverndarnefndar, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund nefndarinnar þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum. Eftir atvikum er veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum nefndarinnar.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

### 2. gr.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar er jafnframt heimilt að veita aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir kærunefnd barnaverndarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fjárstyrk má einnig veita með sömu skilmálum í þeim tilvikum þar sem barni er skipaður talsmaður sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga.

### 3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi leyfi til flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

### 4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### 5. gr.

Beiðni um fjárstyrk vegna lögmannsaðstoðar skal vera skrifleg og undirrituð. Hún þarf að berast barnaverndarnefnd áður en lögfræðiaðstoð hefst. Með beiðni skal fylgja kostnaðaráætlun lögmanns. Hvorki er greiddur kostnaður vegna ferða eða ferðatíma lögmanns, nema sérstaklega sé um það samið.

Við lok vinnu lögmanns skal lögmaður skila inn sundurliðaðri tíma- og kostnaðarskýrslu og skal reikningur sendur eftir að félagsmálastjóri hefur yfirfarið og eftir atvikum samþykkt tímafjöldann.

Heimilt er að veita styrk þegar efnahag styrkbeiðanda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum fyrirsjáanlega ofviða. Að jafnaði skal ekki veita styrk ef stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars- og fjármagnstekjur styrkbeiðanda nema hærri fjárhæð en kr. 6.000.000 á ári. Sé styrkbeiðandi í hjúskap eða sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka og skulu samanlagðar árstekjur ekki nema hærri upphæð en kr. 8.500.000 á ári. Þó má veita styrk þótt tekjur séu umfram framangreindar viðmiðunarfjárhæðir í sérstökum undantekningartilfellum, t.d. ef mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið, framfærslukostnaður styrkbeiðanda er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum, aflahæfi hans eða maka eða sambúðaraðila er verulega skert til frambúðar eða aðrar knýjandi ástæður mæla með því.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda samkvæmt framangreindu þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Viðmiðunargjald vegna fjárstyrks miðast við ákveðna fjárhæð á hverja unna klukkustund lögmanns og miðast upphæðin við kr. 18.500 án vsk.

Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir barnaverndarnefnd og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir kærunefnd velferðarmála

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæraneleg til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 6. gr barnaverndarlaga 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar forsjáradilum barns ef mál þeirra sæta meðferð barnaverndarnefndar og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá sbr. 40. gr. barnaverndarlaga 80/2002.

Fjarðabyggð 14. desember 2018

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í barnaverndarnefnd 29. nóvember 2018

Samþykkt í bæjarráði 3. desember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2018